

**Kjarasamningur  
milli  
Elkem Ísland ehf. annars vegar  
og  
Félags iðn- og tæknigreina, Rafiðnaðarsambands Íslands vegna aðildarfélaga,  
Stéttarfélag Vesturlands, Verkalýðsfélags Akraness og VR hins vegar.**

**1. gr.**

**Samningstími**

Síðast gildandi kjarasamningur aðila framlengist til 31. desember 2025 með þeim breytingum og fyrirvörum sem í samningi þessum felast og fellur þá úr gildi án sérstakrar uppsagnar. Um framlengingu samningsins fer skv. 3. gr. samnings þessa.

**2. gr.**

**Launaákvæði**

Grunnlaun kjarasamnings hækka frá 1. janúar 2025 um kr. 23.750 og verða sem hér segir:

Launataxtar	Grunnlaun
Ofingæslumenn	471.050 kr.
Dagmenn	481.038 kr.
Iðnaðarmenn (I)	560.289 kr.
Iðnaðarmenn (II)	615.537 kr.
Fulltrúar á skrifstofu	528.693 kr.

Orlofsuppbót árið 2025 verður kr. 308.766.

Desemberuppbót árið 2025 verður kr. 308.766.

**3. gr.**

**Framlenging kjarasamnings**

Elkem Ísland ehf. er heimilt, að höfðu samráði við trúnaðarmannaráð og með einhliða yfirlýsingu til stéttarfélaganna, fyrir lok gildistíma kjarasamningsins, að framlengja kjarasamninginn til eins árs í senn, án sérstakrar atkvæðagreiðslu, allt til 31. desember 2028.

Framlenging til 31. desember 2026

Komi til þess að kjarasamningur þessi verði framlengdur frá 1. janúar 2026 til 31. desember 2026 hækka grunnlaun kjarasamnings 1. janúar 2026 sem nemur 95% af breytingu á launavísitölu Hagstofu Íslands fyrir almennan vinnumarkað frá september 2024 til september 2025. Uppbætur ársins 2026 hækka með sama hætti og grunnlaun.

Framlenging til 31. desember 2027

Komi til þess að kjarasamningur þessi verði framlengdur frá 1. janúar 2027 til 31. desember 2027 hækka grunnlaun kjarasamnings 1. janúar 2027 sem nemur 95% af breytingu á launavísitölu Hagstofu Íslands frá desember 2025 til desember 2026. Uppbætur ársins 2027 hækka með sama hætti og grunnlaun.

JJ AIA SES ARH  
SB BS

Framlenging til 31. desember 2028

Komi til þess að kjarasamningur þessi verði framlengdur frá 1. janúar 2028 til 31. desember 2028 hækka grunnlaun kjarasamnings 1. janúar 2028 sem nemur 95% af breytingu á launavísitölu Hagstofu Íslands frá desember 2026 til desember 2027. Uppbætur ársins 2028 hækka með sama hætti og grunnlaun.

Akranesi, 7. mars 2025

F.h. hlutaðeigandi verkalýðsfélaga

F.h. Elkem Ísland ehf.

f.h. RSI Andri Puyt

  
Daníel Bíasan



Jónas Jónsson

Magnús Magnússon

Heimir Gudm.

Vinjanir Þingam

Sýsluþing Stungurímsslóttir

Teo Ósp Berþórs  
Altheiður Agútsdóttir

Bókun með kjarasamningi Elkem og stéttarfélaganna dags. 7. mars 2025

Elkem Ísland ehf. stendur frammi fyrir endurnýjun á raforkusamningi félagsins. Núverandi samningur rennur út í lok mars 2029 og er félagið ekki með trygga raforku í kjölfar þess tímabils. Því er mikilvægt að hafa sveigjanleika innan gildistíma samningsins ef upp koma aðstæður þar sem ekki semst um raforku eða samkeppnishæfnin vegna raforku er brostin sem kallar í breytingar á skipulagi eða stærðargráðu framleiðslu til að bregðast við aðstæðum. Ef ekki kemur til framlengingar mun Elkem Ísland skila inn rökstuðning til trúnaðarmanna og stéttarféлага.

7. mars 2025

F.h. hlutaðeigandi verkalýðsfélaga

Heimir Auðm.  
Magnús Magnússon  
Jóngeir Jónsson  
Vannjónur Bergur  
Siljaeynir Stungnmsd.

F.h. Elkem Ísland ehf.

Altheður Agútsdóttir  
Froðo Þor Björnsd.